



Læsi fyrir lífið

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2022

UMS 69 – 2021

Efnisyfirlit

Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs	3
Læsi fyrir lífið	3
Pátttakendur	4
Markmið	4
Nemendur	4
Kennarar	4
Samfélag	4
Leiðin að markmiðum	5
Gagnvirkur lestur	6
Vinnustofa 1 - gagnvirkur lestur - kynning á aðferðinni	6
Vinnustofa 2 - spurningar – merking orða	6
Frá kennurum	7
Vinnustofa 3 - samantekt meginhugmynda, hughrif texti/myndverk/tónverk	7
Frá kennurum	8
Ritun og miðlun	8
Vinnustofa 4 – hugtakakort	8
Frá kennurum	9
Vinnustofa 5 – ritunarráttur	9
Frá kennurum	9
Vinnustofa 6 - áætlanagerð, krossglíma og starfsþróun	10
Frá kennurum	10
Seinna árið	10
Dæmi um verkefni	10
Að lokum	11
Ávinningur verkefnisins	12

Áfangaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Naustaskóli

Heiti verkefnis: Læsi fyrir lífið

Verkefnisstjóri: Bryndís Björnsdóttir

Ráðgjafi: Anna Sigrún Rafnsdóttir, sérfræðingur hjá MSHA

Númer samnings og hvaða ár verkefni hlaut styrk: UMS 69 – 2021

Læsi fyrir lífið

Markmið með starfspróun í skólum er að stuðla að betri árangri í skólastarfi. Rannsóknir sýna að raunverulegar breytingar á skólastarfi taka talsverðan tíma og nauðsynlegt er að stuðningur við breytingastarf sé öflugur og markviss. Með tveggja ára samstarfi Miðstöðvar skólaþróunar og Naustaskóla vonumst við til þess að hægt verði að innleiða og festa í sessi nýja kennsluhætti. Þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* var unnið í anda lærdómssamfélags en líta má á lærdómssamfélagið sem umgjörð til að efla nám í skólanum.

Verkefnið *Læsi fyrir lífið* miðar að því að efla læsinnám á mið- og efsta stigi grunnskólans. Verkefnið var unnið með sniði starfendarannsókna. Kennarar í Naustaskóla héldu dagbók þar sem þeir ígrunduðu eigið starf og tileinkuðu sér nýja þekkingu og færni við læsiskennslu í samstarfi við starfsfélaga og ráðgjafa frá MSHA. Kennurum var gert kleift að eiga samtal um reynslu og upplifun sína af breyttum kennsluháttum á mið- og unglíngastigi. Mikil áhersla var lögð á að kennarar fylgdust með þátttöku og framlagi nemenda í kennslustundum á meðan að á verkefninu stóð.

Til grundvallar verkefninu lá þekking og reynsla kennara, læsisstefnan *Læsi* er lykillinn og Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig var bók Rósu Eggertsdóttur, *Hið ljúfa læsi*, notuð sem grunnur en í bókinni setur Rósa fram heildstæða lýsingu á hugmyndafræði, kennsluháttum og kennsluaðferðum í læsiskennslu grunnskólanema. Ráðgjafar MSHA hafa undanfarin ár þróað námskeið í ýmsum læsiskennsluaðferðum undir heitinu *Læsi* til náms. Þessi námskeið voru nýtt í verkefninu sem og nýjustu rannsóknir fræðimanna á árangursríkum aðferðum til að efla læsi nemenda á mið- og unglíngastigi.

Í verkefninu var lögð áhersla á læsi sem grunn að námi, læsi flæðir yfir allt nám í skólanum og inn í allar námsgreinar. Lögð var sérstök áhersla á þættina fjóra sem læsisstefnan *Læsi er lykillinn* fjallar um:

- Samræðu, tjáningu og hlustun
- Lestur og lesskilning
- Ritun og miðlun
- Lesfimi

Þessir fjórir þættir eru samofnir, færni í einum þætti hjálpar iðulega til við að efla færni í öðrum þætti. Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið byggir á því að kafa í alla þessa þætti, veita þeim athygli, gefa þeim tíma í skólastarfinu og finna nýjar og spennandi leiðir til að efla hvern og einn í gegnum fjölbreytta kennsluhætti.

Þátttakendur

Þátttakendur í þróunarstarfinu voru 14 kennarar á mið- og unglingastigi í Naustaskóla auk 211 nemenda á mið- og unglingastigi (6.-10. bekkur).

Markmið

Nemendur

- Að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi
 - Efla samræðu, tjáningu og hlutun
 - Efla lestur, orðaforða og lesskilning
 - Efla ritun og miðlun
 - Efla lesfimi
- Að efla áhuga og virkni nemenda í námi

Kennarar

- Að kennarar leiti leiða til að efla læsi í öllum námsgreinum alla daga í skólastarfinu
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar og áhrifaríkar aðferðir til að efla læsi og lesskilning á mið- og unglingastigi
 - Efla samræðu, tjáningu og hlustun
 - Efla lestur og lesskilning
 - Efla ritun og miðlun
 - Efla lesfimi
- Að kennarar leggi rækt við áhugahvöt, sjálfstæði, einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda í námi

Samfélag

- Að búa til starfsþróunarlíkan fyrir kennara þar sem læsi er í forgrunni fyrir kennara á mið- og unglingastigi
- Að þróa ramma utan um læsi til að skilnings og dýpkunar á viðfangsefnum ólíkra námsgreina
- Að deila þeirri þekkingu og reynslu sem verður til með öðrum skólum

Leiðin að markmiðum

Haldnar voru sex vinnustofur yfir tímabilið. Fyrir áramót var unnið með lesskilning út frá aðferðum gagnvirks lesturs og eftir áramót var ritun og miðlun sett í forgrunn.

Ráðgjafi verkefnisins, Anna Sigrún Rafnsdóttir frá MSHA, hélt utan um vinnustofurnar og eitt af markmiðunum var að hún kæmi reglulega í skólann í áhorf og væri með ráðgjöf utan vinnustofanna. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og takmörkun á utanaðkomandi heimsóknnum inn í skólastofnanir var aðeins hægt að heimsækja kennara einu sinni á skólaárinu.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er lesskilningsaðferð sem styður við nemendur við að greina texta sem þeir eru að lesa með það að markmiði að auka skilning sinn á textanum. Þessi aðferð samanstendur af atriðum sem góðir lesarar nota þegar þeir eru að þjálfra lesskilning sinn. Við kennslu í gagnvirkum lestri er fræðslan í upphafi stýrð af kennaranum en smátt og smátt færist ábyrgðin yfir á nemendur.

Gagnvirkur lestur felur í sér fjóra meginþætti, þessir þættir eru:

- forspá um hvað er textinn, nemandi fá þjálfun í að rýna í textann er eitthvað sem gefur til kynna hvað framhaldið af textanum mun fjalla um
- spurningar settar fram, nemendur fá þjálfun í að setja fram spurningar bæði opnar og lokaðar spurningar
- merking orða útskýrð, nemendur fá þjálfun í að leita skýringa á því sem er óljóst í textanum
- samantekt meginhugmynda, nemendur fá þjálfun í að draga saman aðalatriði úr texta

Í viðbót við þessi atriði var einnig farið yfir þau hughrif sem texti/myndverk/tónverk getur vakið með okkur.

Vinnustofa 1 - gagnvirkur lestur - kynning á aðferðinni

Á fyrstu vinnustofunni fengu kennarar fræðslu um Gagnvirkan lestur auk þess sem að sýnd voru dæmi um möguleika á útfærslum í öllum námsgreinum grunnskólans. Í framhaldi af fræðslunni unnu kennarar ýmis verkefni þar sem þeir beittu aðferðinni á fjölbreyttan hátt og nýttu það námsefni sem þeir voru að vinna með í sínu fagi. Þar sem kennarar vinna saman í teyllum í skólanum þá kom það af sjálfu sér að þeir unnu verkefni saman. Kennarar voru sammála um að einfalt væri að heimafæra verkefni á allar námsgreinar.

Fram að áramótum var svo farið dýpra í hvern þátt og kennarar fengu tækifæri til að vinna verkefni á vinnustofunum sem þeir gátu svo yfirfært á sína kennslu.

Vinnustofa 2 - spurningar – merking orða

Í þessari vinnustofu var ígrundað hvernig hægt er að nota spurningar til að kryfja texta. Í vinnustofunni var farið yfir hvaða atriði er nauðsynlegt að hafa í huga til að efla nemendur í að nota opnar spurningar. Kennarar unnu verkefni þar sem lokuðum spurningum var breytt í opnar. Einnig fengu kennarar fengu tækifæri til að kynnast og æfa sig að nota Frayer líkanið. Líkanið er ein tegund hugtakakorta og styður það bæði við orðaforða- og hugtakaskilning.

Frá kennurum

Gagnvirkur lestur - Forspá

Kennarar notuðu forspá í íslenskukennslunni. Nemendur fengu þjálfun í að vinna með þær upplýsingar sem framkoma á bókarkápu og fyrstu blaðsíðum bókar. Þeir voru sammála um að nemendur áttu gott með tengja við þetta verkfæri og fín umræða náðist í nemendahópunum.

Gagnvirkur lestur - Spurningar

Spurningar notuðu kennarar á marga vegu. Upphaflega voru þeir með sýnikennslu og tóku dæmi með nemendum. Þeir notuðu þennan þátt í svæðavinnu og samvinnu og einnig þar sem kennari og nemendur unnu saman.

Meðal annars nýttu kennarar sér áður en farið var í ákveðið viðfangsefni að vera með opnar spurningar út frá viðfangsefninu, markmiðið var að kveikja áhugann hjá nemendum og hjálpa þeim að tengjast betur því efni sem átti að fara vinna með. Eftir að hafa fjallað um efnið héldu kennarar svo áfram með opnar spurningar. Kennarar voru sammála um að meiri samræður sköpuðust þegar þeir voru búnir að leggja inn spurningar til umhugsunar áður en nemendur byrjuðu að vinna verkefni eða lesa texta.

Framer líkanið

Vinna með Frayer líkan gekk almennt vel. Kennurum fannst gott að byrja á einföldum orðum á meðan þau voru að þjálfva nemendur í vinnubrögðunum. Í íslenskukennslu notuðu kennarar m.a. Frayer líkanið þannig að hver nemendahópur fékk tvö orð úr skáldsögu sem þeir áttu að útskýra með Frayer líkaninu. Þegar allir hópar höfðu klárað sögðu þeir frá þeim orðum sem þeir völdu og fjölluðu um útskýringarnar, þannig fengu allir nemendur góðar útskýringar á orðum úr skáldsögunni. Þessi leið mæltist mjög vel fyrir hjá nemendum og kennurum.

Vinnustofa 3 - samantekt meginhugmynda, hughrif texti/myndverk/tónverk

Í þessari vinnustofu var farið í hvernig við drögum saman aðalatriði í texta og upplifun/hughrif nemenda á því að lesa/horfa/hlusta á texta/myndverk/tónverk og velt upp hvernig kennarar geta stutt við þennan þátt hjá nemendum. Kennarar fengu leiðsögn og unnu verkefni út frá verkfærinu athyglisverður fróðleiksmoli. Þetta verkfæri byggist á því að nemendur fá fjóra litla miða, þeir skrifa eina málsgrein á hvern miða, þar sem fram kemur það sem þeim finnst vera mikilvægast úr sínu námsefni. Næst eru paraðir saman tveir og tveir nemendur þar sem þeir fara yfir miðana sem eru þá átta talsins. Síð á milli ræða þeir saman og fækka miðunum aftur niður í fjóra. Þá eru þessir tveir nemendur paraðir við aðra tvo nemendur. Aftur eiga sér stað samræður þar sem nemendur fækka miðum niður í fjóra. Eftir þessa vinnu kynna nemendur sínar niðurstöður og eru þá komin fram aðalatriðin úr textanum.

Frá kennurum


Í þessari vinnu gekk fyrsti hlutinn mjög vel þegar nemendur unnu einslega en þegar kom að samræðuþættinum og fækka miðum þá áttu sumir stundum erfitt með að gefa eftir sína miða. En það er einmitt hluti verkfærisins að efla nemendur í samskiptum og greinilegt að þau fengu góða þjálfun í þessu verkefni og með hverri æfingunni náðu þau meiri leikni. Kennarar voru almennt sammála um að þegar þeir vildu ræða hvaða hughrif það hefði á nemendur að vinna með og skoða verkefni út frá mismunandi sjónarhornum þá voru þeir oft fámæltir og vildu lítið hafa sig í frammi. Ástæðan var ekki að nemendur hefðu ekki skoðanir heldur frekar að innan stórs nemendahóps voru þeir feimnari við að hafa sig í frammi.

Ritun og miðlun

Eftir áramót héldu kennarar áfram að nota verkfæri Gagnvirkis lesturs í kennslustundum. Í vinnustofum á vorönn var áherslan á ritun og miðlun og fléttuðu kennarar saman fræðslu og verkfærum frá fyrri önn inn í þá vinnu.

Vinnustofa 4 – hugtakakort


Við textaritun er gott fyrir nemendur að hafa gott vald á mismunandi aðferðum. Ritun hefur margvíslegan tilgang og eitt form ritunar hentar því ekki á allar textagerðir. Hugtakakort er eitt form hugrænna korta þau henta einkar vel til að halda utan um upplýsingar og hugmyndir. Hægt er að nota þau til að undirbyggja almenna textaritun, flokka upplýsingar, rifja upp ákveðið námsefni o.s.frv. Hugtakakort krefjast þess af nemendum að þeir tengi saman skyldar hugmyndir, hugtök og lýsi venslum þeirra. Myndræn framsetning hugtakakorta gerir nemendum auðveldara að fá yfirsýn yfir ákveðið efni og eins hvernig efnisatriði tengjast. Auðvelt er að útfæra hugtakakort á pappír en einnig fást í dag orðið fjöldamörg forrit sem gefa nemendum kost á að gera kortin rafræn. Á vinnustofunni fengu kennarar fræðslu um hugtakakort og gerðu æfingar þar sem þeir unnu kort bæði á pappír og í forriti í tölvu. Kennarar fengu fræðslu um það hvernig við byggjum upp hæfni nemenda stig af stigi í kortagerð.



Frá kennurum

Í verkefnavinnu með Íslendingasögur voru hugtakakort m.a. nýtt. Nemendur fengu sýnikennslu í gerð kortanna. Kennarar nefndu að nemendur áttu tiltölulega auðvelt með að yfirfæra leiðbeiningar þeirra yfir á sína vinnu. Í byrjun vildu nokkrir nemendur drífa sig í að gera kortið. En þegar þeir heyrðu að fleiri myndu sjá kortin þá vildu þeir fá að skila inn aftur og vanda betur vinnubrögðin.

Nemendur fengu einnig tækifæri til að vinna hugtakakort í tölvum.



Vinnustofa 5 – ritunarramma

Á þessari vinnustofu fengu kennarar fræðslu um mismunandi ritunarramma. Ritunarramma eru ákveðið form sem líkja má við beingrind sem nemendur setja kjöt á. Þeir nýttast vel í stigskiptum stuðningi í kennslu. Þeir eru sveigjanlegir og auðvelt að aðlaga að mismunandi nemendahópum og textategundum s.s. upplýsandi texta, sannfærandi texta og skáldaða texta. Markmiðið með þeim er að styðja nemendur í að skipuleggja vinnubrögð og ramma betur inn til hvers er ætlast af þeim. Á vinnustofunni unnu kennarar með ritunarramma sem styðja við upplýsandi- og sannfærandi texta.

Frá kennurum

Kennarar nýttu þessa ramma m.a. sem undirbúning fyrir rökræður. Kennarinn hafði breytt grunnrammanum og aðlagað að nemendahópnum. Í þessu verkefni voru allir nemendur mjög virkir og áhugasamir. Kennarinn var ánægður með það hversu vel nemendum tókst að sýna fram á ólík sjónarmið í rökræðunum og hversu vel nemendur tóku mismunandi skoðunum allra þátttakenda. Í tengslum við þessa vinnu var haldin rökræðukeppni í skólanum um vorið. Rökræðukeppnin var haldin innbyrðis í 8. og 9. bekk en í 10. bekk voru áhorfendur og voru það nemendur í 8. og 9. bekk. Nemendur tóku fyrir margvísleg málefni og öll lið komu með sterk rök fyrir sínum málstað. Greinilegt að í þessum nemendahópi eru framtíðar ræðumenn að verða til.



Vinnustofa 6 - áætlanagerð, krossglíma og starfsþróun

Í þessari vinnustofu fengu kennarar fræðslu um hvað þarf að hafa í huga við áætlanagerð. Farið var í eina áætlun þar sem unnið var með samþættingu læsis við aðrar námsgreinar. Umræður um hvað þarf að hafa í huga þegar fleiri en ein námsgrein eru samþætta. Farið var í verkfærið krossglímu og hvernig við notum það til að undirbyggja ritun. Í lok vinnustofunnar voru umræður um hvað þarf að hafa í huga til að viðhalda starfsþróun í skólanum. Vegna aðstæðna í samfélaginu þá var þessi vinnustofa rétt undir skólalok og því náðist ekki að eiga samræður um hvernig gengi að prófa þessa þætti í kennslu.

Frá kennurum

Það kom fram í ígrundun kennara að þeir reyna eftir fremsta megni að samþætta þar sem því verður við komið og er ritgerðavinna nemenda t.d. samþætt yfir fleiri en eina námsgrein.

Seinna árið

Á þessu skólaári var áherslan á þáttinn samræða, tjáning og hlustun og festa í sessi þau verkfæri sem farið var í á fyrra skólaári. Þetta skólaár var einnig litað af aðstæðum í samfélaginu en kennarar gerðu sitt allra besta til að láta það ekki trufla verkefnið. Áfram var unnið með að styrkja þá þætti sem lagðir voru inn sl. skólaár. Á þeim tíma sem óhætt var fyrir utanaðkomandi að koma inn í skólann var greinilegt að nemendur voru að styrkjast í að nota þau verkfæri sem lögðu höfðu verið inn.

Dæmi um verkefni

Þó svo að flestallir hafi rödd og geti talað þá er það ekki sjálfgefið að nemendur standi upp fyrir framan jafnaldra sína og tali um atriði sem þeim hugnast. Í þessari vinnu lögðu kennarar upp með ýmis verkefni sem þeir ræddu við nemendur í skólastofunni síðan var framhaldið af þeirri vinnu að nemendur fóru á dýptina í þeirri vinnu og unnu með það út frá sínum hugleiðingum og kynntu það svo fyrir bekkjarfélögum. Eitt af þessum verkefnum var samræða um styrkleika nemenda. Kennarar ræddu við nemendur um styrkleika þeirra og farið var mjög



vel í útskýringar á orðum sem notuð voru til að lýsa styrkleikum nemenda. Lokaafurðin í þessu verkefni var að nemendur bjuggu til teiknimyndasögu í forritinu pixton. Eftir að hafa búið til ýmis konar sögur komu þau upp hvert á fætur öðru og sögðu frá sinni sögu. Það mátti sjá margskonar styrkleika í sögunum allt frá því að nemendur létu karakterana sína hafa ofurhetjuhæfileika yfir í það að þurfa takast á við hluti eins og það að sýna seiglu, þrautseigju og læra það að þó svo maður sé undir í keppni þá þýðir ekki að gefast upp.

Upplestrarkeppnin *Upphátt - upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri*. Seinni hluta skólaársins fór 7. bekkur markvisst að æfa fyrir þessa keppni. Kennarar skiptu nemendum í minni hópa í þessu æfingarferli. Undir lokin fékk ráðgjafi að koma í áhorf og sjá nemendur æfa sig. Frá æfingu sem ráðgjafi sá og fram að undanúrslitakeppni voru tvær vikur. Það var ótrúlegt að sjá muninn á nemendum á ekki lengri tíma. Á æfingunni var greinilegt að sviðsskrekur var aðeins farinn að gera vart við sig þegar nemendur áttuðu sig á því að stutt var í keppnina en þegar á hólminn var komið þá stóðu þau sig framúrskarandi vel. Fyrir dómnefndina þá gerðu nemendur þeim lífið svo sannarlega erfitt.

Almenn kennsla, yfir skólaárið nýttu kennarar öll tækifæri í öllum fögum til að fara á dýptina í samræðum við nemendur og fá þá til að koma og kynna verkefni sem þeir voru að vinna að, fyrir samnemendum sínum.

Að lokum

Í þessu verkefni var lagt var upp með að vinna með þessi markmið.

- Að kennarar leiti leiða til að efla læsi í öllum námsgreinum alla daga í skólastarfinu
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar og áhrifaríkar aðferðir til að efla læsi og lesskilning á mið- og unglíngastigi
 - Efla samræðu, tjáningu og hlustun
 - Efla lestur og lesskilning
 - Efla ritun og miðlun
 - Efla lesfimi
- Að kennarar leggi rækt við áhugahvöt, sjálfstæði, einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda í námi

Vissulega höfðu ytri aðstæður í samfélaginu áhrif að einhverju leyti. En kennarar í Naustaskóla gerðu svo sannarlega sitt til þess að láta það ekki hafa áhrif og stóðu sig með stakri þryði í að finna lausnir til að vinna í kringum aðstæðurnar.

Ávinningur verkefnisins

Á fyrra árinu fundu kennarar að það hallaði á lesskilninginn á kostnað innleiðingar verkfæranna sem notuð voru í ritun. Þetta þarf ekki að koma á óvart. Þegar það er verið að innleiða nýja kennsluhætti þá getur það tekið tíma fyrir bæði kennara og nemendur að ná góðri færni í að vinna með þá og því var markmiðið fyrir næsta vetur að vinna áfram með þessi verkfæri og festa þau enn betur í sessi.

Á seinna árinu var unnið markvisst við að styðja við nemendur að nýta verkfærin sem kynnt voru til sögunnar á fyrra árinu. Að vori 2022 sögðu kennararnir að þeim fyndist nemendur horfa öðruvísi augum á lestur og lestrarvinnu. Með því að meðvitað halda verkfærunum að nemendum og nýta öll tækifæri til að æfa þau styrktist færni nemenda í lestri og lesskilningi. Þeir eru komnir með góða leikni í að nýta verkfæri gagnvirks lesturs til að greina texta. Nemendur hafa æfst í að vinna með mismunandi textategundir og hafa öðlast leikni í samanburði á þeim.

Þeir fengu góða æfingu í að nýta ýmsa ritunarramma. Bæði í þeim tilgangi til að undirbúa önnur verkefni en einnig voru þeir nýttir við skil á verkefnum sbr. hugtakakort. Einnig fundu kennarar mun á því að nemendur styrktust stöðugt í því að ræða ýmis málefni og koma fram fyrir aðra nemendur og segja frá. Kennurum fannst nemendur styrkjast í skapandi skrifum í þessari vinnu.

Það sem þetta verkefni sýnir skýrt fram á er að við megum alls ekki vanmeta þann tíma sem nemendur þurfa til að æfa og festa í sessi ný vinnubrögð og verkfæri sem í boði eru við mismunandi aðstæður.

Akureyri 14.06 2022


Bryndís Björnsdóttir, skólastjóri Naustaskóla


Anna Sigrún Rafnsdóttir, ráðgjafi MSHA